

## Stjórnarfundur nr. 1

13. júní 2012 kl.20:00 á skrifstofu HRFÍ

Fundarboð sent með tölvupósti 8. júní kl. 21:55

**Mættir: Anna María Flygenring, Björn Ólafsson, Delia K. Howser, Jóna Th. Viðarsdóttir, Ólafur E. Jóhannsson og Valgerður Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri.**

### 1. Stjórn HRFÍ.

Á aðalfundi HRFÍ þann 23. maí sl., sem haldinn var á Grand Hóteli gengu Guðríður Þ. Valgeirsdóttir (1996) og Valgerður Júlíusdóttir (2000) úr aðalstjórn og Súsanna G. Antonsdóttir (2010) úr varastjórn. Í framboði til stjórnar voru Delia Howser, Guðmundur A. Guðmundsson og Ólafur E. Jóhannsson í aðal- og varastjórn félagsins. Guðmundur A. Guðmundsson dró framboð sitt til baka í aðalstjórn. Var því sjálfskorið í stjórn.

#### Stjórn er því þannig skipuð:

Jóna Th. Viðarsdóttir formaður, Anna María Flygenring, Björn Ólafsson, Delia Howser og Ólafur E. Jóhannsson, öll í aðalstjórn, Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Guðmundur A. Guðmundsson í varastjórn.

#### Stjórn skiptir þannig með sér verkum:

- Varaformaður Björn Ólafsson
- Gjaldkeri Anna Flygenring

Framkvæmdastjóri HRFÍ er Valgerður Júlíusdóttir. Meðal starfssviða hennar eru að rita fundargerðir stjórnar og annast daglegan rekstur HRFÍ þar með talið rekstur skrifstofu og starfsmannahald. Bókhaldið er fært af starfsmanni skrifstofu og framkvæmdastjóri sér um greiðslu reikninga. Hlutverk gjaldkera er m.a. að kalla fram upplýsingar í bókhaldinu og er tengiliður stjórnar við framkvæmdastjóra varðandi fjármál félagsins. Gjaldkeri svarar framkomnum fyrirspurnum stjórnarmanna varðandi fjárreiður félagsins.

### 2. Aðalfundur HRFÍ 23. maí sl.

Fundarstjóri var Pétur Örn Sverrisson hrl. Fundarritari var Guðrún Margrét Baldursdóttir. Mættir voru 89 félagsmenn á fundinn í Reykjavík og 11 á Akureyri, sem tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað, alls 100 félagsmann.

Fundargerð hefur borist frá Guðrúnu Margréti Baldursdóttur.

#### Kosning siðanefndar:

Fulltrúar í siðanefnd gáfu allir kost á sér í endurkjöri nema Herdís Hallmarsdóttir, sem gaf kost á sér sem varamaður og Guðmundur Helgi Gunnarsson. Guðríður Þ. Valgeirsdóttir gaf kost á sér sem aðalmaður. Siðanefnd er því þannig skipuð:

Aðalmenn:

Hilmar Sigurgíslason, Guðríður Þ. Valgeirsdóttir og Kristín Sveinbjörnsdóttir

Varamenn:

Herdís Hallmarsdóttir og Guðrún Sigríður Sigurðardóttir.

#### Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara :

Félagskjörnir skoðunarmenn gáfu kost á sér í endurkjöri nema Margrét Dögg. Sigmundur Friðbjólfsson gaf kost á sér sem varamaður.

Aðalmenn: Þorsteinn Þorbergsson og Kristín Sveinbjörnsdóttir

Varamenn: Gunnar B. Gunnarsson og Sigmundur Friðbjólfsson

**Prettán lagabreytingatillögur voru lagðar fyrir aðalfundinn.** Afgreiðslu þeirra er hægt að sjá í fundargerð aðalfundar.

**Tvö erindi voru lögð fyrir aðalfundinn undir liðnum önnur mál sem og stofnun ræktunardeildar:**

- **Erindi frá Guðríði Magnúsdóttur var vísað til stjórnar:**

Að augnskoðunum hjá Hundaræktafélagi Íslands verði fjölgað í amk. 5 sinnum á ári og reynt að hafa þær í tengslum við hundasýningar eða annan stóran viðburð hjá félaginu og amk. ein skoðun verði árlega líka hjá Svæðafélagi Norðurlands.

Rökstuðningur:

A) Nú í dag eru þrjár augnskoðanir á ári hjá félaginu sem er vel en hægt er að hafa fimm skoðanir með nákvæmlega sama tilkostnaði þar sem það koma tveir augnlæknar í tvö skipti en einn í eitt skipti.

Skv. samtali við Valgerði framkvæmdarstjóra fyrr í vor þá kom í ljós að þegar tveir augnlæknar koma þá eru það tveir einstaklingar þannig að allur kostnaður á við að fá augnlækni í 5 skipti yrði sá sami fyrir félagið.

B) Það hentar fjölmörgum tegundum að hvolpar séu augnskoðaðir á aldrinum 6-12 vikna td. með tilliti til CEA augnskoðun á hvolpum erlendis gildir fyrir lífstíð

C) Málum til siðanefndar sem eru vegna þess að hundar hafa ekki gilt augnvottorð tel ég að myndi stórfækka

Sbr heimasíðu félagsins/siðanefndar eru af 62 úrskurðum fyrir árið 2010 eru 20 rakkar og 20 tíkur sem ekki eru með gilt augnvottorð við pörun.

Í fyrirliggjandi 24 úrskurðum fyrir árið 2011 (og þá eiga líklegast einhverjir eftir að skila sér,) þá eru 7 rakkar og 6 tíkur sem hafa ekki gilt augnvottorð við pörun.

Bókun ritara:

*„Jóna Th. Viðarsdóttir tók til máls og kvaðst ekki sjá þörf á breytingu á tilhögun augnskoðunar. Stundum væri gott að vera með tvo augnsérfræðinga í einu svo að þeir geti borið saman bækur sínar.*

*Þorsteinn Þorbergsson kom með dagskrártillögu um að tillögunni yrði vísað til nýkjörinnar stjórnar.*

*Var sú tillaga borin undir atkvæði og samþykkt með meiri hluta atkvæða“*

**Umræður fóru fram og skipst var á skoðunum. Sammála um að leggja málið fram á fulltrúaráðsfundi varðandi framkvæmdina og leita álits um hvernig félagsmenn vilja hafa augnskoðunina í framtíðinni.**

**Hafa í huga varðandi nýja tölvukerfið að boðið verði upp á kannanir til að kanna hug félagsmanna til ýmissa mála félagsins.**

- **Erindi frá Brynju Tomer**

Erindið snýr að breytingum á starfsreglum ræktunardeilda félagsins, V. kafla, um deildarsýningar. Brynja óskaði eftir því að tillögur hennar um breytingar yrðu teknar til umfjöllunar og atkvæðagreiðslu á fundinum.

Brynja Tomer tók til máls á fundinum og kvaðst vilja að umræða skapaðist um tillögur hennar. Hún óskaði ekki lengur eftir því að þær yrðu bornar undir atkvæði enda skv. 19. gr. VII. kafla laga HRFÍ setur stjórn HRFÍ deildum og ræktunarstjórnnum þeirra starfsreglur.

**Málið tekið til umræðu á næsta stjórnarfund.**

- **Stofnun ræktunardeildar fyrir Siberian Husky.**

**Fylgja því eftir að fimm manna stjórn boði til ársfundar fyrir 23. júní nk. Boða þarf til fundarins með viku fyrirvara.**

### 3. Skipun í fastanefndir starfsárið 2011 – 2012

Samkvæmt 11. gr. laga HRFÍ, lið g, í kafla IV. skal stjórn HRFÍ skipa í fastanefndir á fyrsta fundi eftir aðalfund og setja þeim starfsreglur. Stjórn HRFÍ getur skipað í nefndir og vinnuhópa, bæði úr eigin hópi og utan, til þess að sjá um ákveðin mál stjórnar. Fastanefndir félagsins eru: Ritnefnd, sýningarstjórn, vísindanefnd, skólanefnd, ættbókarnefnd og laganefnd.

Nefndarmönnum var sendur tölvupóstur í síðustu viku þar þeim var þakkað fyrir nefndarsetu síðasta starfsárs og jafnframt spurðir hvort þeir vildu gefa kost á sér til áframhaldandi nefndarstarfa fyrir félagið.

#### **Skólanefnd**

Samkvæmt 24. gr. VIII. kafla laga HRFÍ skal starfrækja hundaskóla innan HRFÍ.

Hundaskólinn skal sjá um fræðslu er varðar meðferð, uppeldi og þjálfun hunda undir stjórn viðurkenndra leiðbeinenda.

Samkvæmt 25 gr. VIII. kafla laganna skal skólanefnd skipuð þremur fulltrúum, tveimur tilnefndum af stjórn HRFÍ og einum af starfsmönnum skólans.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir, [auja83@gmail.com](mailto:auja83@gmail.com)

Sigríður Bílddal, [sbilddal@isl.is](mailto:sbilddal@isl.is)

Valgerður Júlíusdóttir, [vala@hrfi.is](mailto:vala@hrfi.is)

#### **Ritnefnd**

Samkvæmt 3. gr. lið d í I. kafla laga HRFÍ skal félagið gefa út félagsblað.

Sámur er gefinn út 3svar á ári; mánaðamót aprí/maí, lok ágúst og byrjun desember. Ritstjóri Sáms ber ábyrgð á efni blaðsins ásamt formanni og framkvæmdastjóra HRFÍ.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir, ritstjóri, [auja83@gmail.com](mailto:auja83@gmail.com)

Anja Björg Kristinsdóttir, [anja@shihtzuhundar.com](mailto:anja@shihtzuhundar.com)

Berglind Magnúsdóttir, [beggarauda@hotmail.com](mailto:beggarauda@hotmail.com)

Guðrún Margrét Baldursdóttir, [gbaldursdottir@hotmail.com](mailto:gbaldursdottir@hotmail.com)

Inga Björk Gunnarsdóttir, [sperdill@emax.is](mailto:sperdill@emax.is)

Þorsteinn Thorsteinsson, [sunnusteinn@simnet.is](mailto:sunnusteinn@simnet.is)

#### **Sýningarnefnd**

Í sýningarreglum HRFÍ 1 gr. í kaflanum skipulag og stjórn er hlutverki sýningarnefndar lýst.

##### **Sýningarstjórn:**

Fríður Esther Pétursdóttir, [esther@midja.is](mailto:esther@midja.is)

Hrefna Karlsdóttir, [hrefna.karlsdottir@slr.stjr.is](mailto:hrefna.karlsdottir@slr.stjr.is)

Sóley Halla Möller, [soleymoller@simnet.is](mailto:soleymoller@simnet.is)

Lilja Dóra Halldórsdóttir, [liljahalldorsdottir@gmail.com](mailto:liljahalldorsdottir@gmail.com)

Valgerður Júlíusdóttir, [vala@hrfi.is](mailto:vala@hrfi.is)

##### **Framvæmdanefnd sýningastjórnar:**

Guðbjörg Kristinsdóttir, [solheimar17@internet.is](mailto:solheimar17@internet.is)

Ingólfur Ragnar Ingólfsson [solheimar17@internet.is](mailto:solheimar17@internet.is)

Margrét G. Andrésdóttir, [maggamas@gmail.com](mailto:maggamas@gmail.com)

Margrét Bergsveinsdóttir, [margret@kynning.is](mailto:margret@kynning.is)

Steinunn Guðbjörnsdóttir, [casper@centrum.is](mailto:casper@centrum.is)

Vordís Sigurþórsdóttir, [vordis1@internet.is](mailto:vordis1@internet.is)

Örnólfur Guðmundsson - [skessutak@internet.is](mailto:skessutak@internet.is)

### Vísindanefnd:

- *Samkvæmt 21. gr. í VII kafla laga HRFÍ um ræktunardeildir* skal stjórn setja regur um stofnun og skipulag ræktunardeilda í **samráði við vísindaráð HRFÍ**. Hafa skal að leiðarljósi að stofnstærð og gæði hunda af viðkomandi kynjum séu með þeim hætti að eðlileg og heilbrigð ræktun geti átt sér stað og að til staðar sé haldgóð þekking á viðkomandi hundakynjum, meðfæddum og/eða arfgengum sjúkdómum, ræktun og undaneldi sem og störfum ræktunardeilda. Telji stjórn og **vísindaráð HRFÍ** grundvöll vera fyrir ræktunardeild skv. ofangreind, skal tillaga þess efnis lögð fyrir félagsfund HRFÍ til samþykktar. Tillögu skal fylgja greinargerð stjórnar og **vísindaráðs**.
- *Samkvæmt 7 gr. IV kafla, Starfssvið ræktunarstjórna úr starfsreglum ræktunarstjórna* er ræktunarstjórn skylt á takast á hendur nánar tilgreind sérverkefni sem stjórn HRFÍ eða **vísindanefnd** felur því í þágu ræktunar.
- Stjórn hefur leitað álits vísindanefndar varðandi ýmis heilbrigðismál.
- Vísindanefnd, Helga Finnsdóttir, hefur verið félaginu innan handar við útvegum dýralækna í augnskoðanir fyrir félagið.
- Helga Finnsdóttir hefur sótt vísindaráðsfundi NKU og gert þeim skil á fulltrúaráðsfundum.

Helga Finnsdóttir, dýralæknir [helgaf@tv.is](mailto:helgaf@tv.is)

Ólöf Loftsdóttir, Dýraspítalinn í Víðidal [olalofts@gmail.com](mailto:olalofts@gmail.com)

Hanna María Arnórsdóttir, Dýraspítalanum í Garðabæ [hanna@dýralaeknastofan.is](mailto:hanna@dýralaeknastofan.is)

Snævar Sigurðsson,

### Ættbókarnefnd:

Helga Andrésdóttir, [sindra@simnet.is](mailto:sindra@simnet.is)

Guðríður Valgeirsdóttir, [gaujav@simnet.is](mailto:gaujav@simnet.is)

Sigríður Pétursdóttir, [sigpol@islandia.is](mailto:sigpol@islandia.is)

### Laganefnd:

Guðrún Margrét Baldursdóttir, [gbaldursdottir@hotmail.com](mailto:gbaldursdottir@hotmail.com)

Einar Hreinsson, [ainar.hreinsson@mrn.is](mailto:ainar.hreinsson@mrn.is)

Árni Mathiesen [arnimatt@live.com](mailto:arnimatt@live.com)

Ólafur E. Jóhannsson, [olafur.johannsson@simnet.is](mailto:olafur.johannsson@simnet.is)

**Ólafur og Jóna ætla að vinna drög að verklagsreglum ofangreindra nefnda og stefna að því að kynna þær á næsta fulltrúaráðsfundi. Þau ætla að skoða hvernig þetta er hjá systurfélögum á Norðurlöndunum.**

### Aðrar nefndir:

#### Veiðiprófanefnd HRFÍ fyrir tegundahóp 7

Ásgeir Heiðar frá Fuglahundadeild, [pointer@vortex.is](mailto:pointer@vortex.is)

Egill Bergmann frá Írsk setterdeild, [maggak@vortex.is](mailto:maggak@vortex.is)

Jón Garðar Þórarinnsson frá Vorstehdeild [gautavik3@simnet.is](mailto:gautavik3@simnet.is)

#### **Stjórn samþykkir ofangreinda aðila í nefndarsetu.**

#### **Fulltrúi HRFÍ í DÍF sbr. 3. kafla 7 gr. úr starfsreglum ræktunardeilda:**

Stjórn tilnefndir fulltrúa sinn til 2ja ára í senn. Guðríður Þ. Valgeirsdóttir var tilnefnd árið 2011.

#### 4. Meistarasýning HRFÍ 2.-3. júní sl. og augnskoðun á Korputorgi

689 hundar voru skráðir á sýninguna, sem er umfram væntingar miðað við þróun síðustu sýninga. Þökkaleg aðsókn áhorfenda var m.v. gott veður og hátíðahöld í boði í borginni á Sjómannadegi. Dómarar lofuðu að venju alla umgjörð og skipulagninu og síðast og ekki síst frábært starfsfólk sem vann í dómhringjum.

#### Augnskoðun

Skoðaðir voru 150 hundar af Jens Kai Knudsen frá Danmörku. Engin alvarleg tilfelli greindust að þessu sinni.

#### 5. Önnur mál

- Tillaga til stjórnar HRFÍ frá Ólafi og Deliu.

Stjórn HRFÍ samþykkir að kjörnir varastjórnarmenn eigi seturétt á stjórnarfundum HRFÍ með málfrelsi og tillögurétti. Áralöng venja hefur skapast um seturétt varastjórnarmanna og telur stjórn HRFÍ engin rök fyrir breytingu á því fyrirkomulagi. Mikilvægt er að starfskraftar allra þeirra sem hlotið hafa kosningu til stjórnar og varastjórnar verði nýttir til hins ítrasta, enda ekki vanþörf á.

#### Greinargerð

Áralöng venja hefur skapast í stjórn HRFÍ um að varastjórnarmenn hafa setið stjórnarfundi með málfrelsi, tillögurétti og atkvæðisrétti.

Nú virðist formaður félagsins hafa tekið einhliða ákvörðun um að meina varastjórnarmönnum fundarsetu á stjórnarfundum HRFÍ. Í því efni ber formaður fyrir sig álit lögfræðings sem hann segist hafa ráðgast við og segir þessa ráðstöfun að ráði hans. Nú ber á það að líta sem fyrir er getið að venja er fyrir því að varamenn í stjórn hafa setið stjórnarfundi með sömu réttindum og aðalstjórnarmenn. Áður en einhliða ákvörðun er tekin af formanni, sem er undarleg aðgerð þar sem stjórn HRFÍ skipa fimm manns, um að svipta þá þessum rétti er eðlilegt að líta til þeirra málefnalegu raka sem urðu til þess á sínum tíma að varamönnum var boðin seta á stjórnarfundum með fyrrgreindum réttindum, auk atkvæðisréttar. Því er þess hér með farið á leit við stjórn HRFÍ að skoðuð verði tilurð þessa fyrirkomulags og hvaða rök lágu að baki á sínum tíma, áður en vilji formanns um að banna varastjórnarmönnum setu á stjórnarfundum nær fram að ganga. Einnig er eðlilegt að lögfræðilegur ráðgjafi formanns komi á fund stjórnarinnar og geri þar grein fyrir þeim sjónarmiðum sem að baki liggja. Jafnframt er bent á að aðalfundur HRFÍ hefur aldrei amast við þessu fyrirkomulagi og engar kröfur hafa komið fram af hálfu félagsmanna – hvorki formlegar né óformlegar svo vitad sé um breytingar á því. Einnig er vakin athygli á því að HRFÍ er áhugamannafélag sem vinnur að ákveðnum markmiðum varðandi hundarækt. Ekki er um að ræða að félagið sjálft hafi fjárhagsleg markmið eigendum sínum til ábata. Sýnist því langsótt að leita í lög um einkahlutafélög til fyllingar lögum um HRFÍ, enda um gjörólíkt félagsfyrirkomulag að ræða. Bent er á að ýmis dæmi eru um að varastjórnarmenn eigi seturétt á stjórnarfundum í hinum ýmsu félögum, samtökum og stofnunum. Nefna má Fjármálaeftirlitið sem dæmi um stofnun þar sem slíkt fyrirkomulag er viðhaft. Rökin fyrir seturétti varastjórnarmanna á stjórnarfundum ýmissa félaga, samtaka og stofnana eru þau að með þeim hætti næst virkja fleiri til starfa en stjórnarmenn eina, sem og að varastjórnarmönnum, gefst þá tækifæri að kynna sér þau mál sem fyrir liggja og gerir þá þar með hæfari til að leysa kjörna stjórnarmenn af hólmi þegar til ákvörðunar kemur.

Jóna formaður útskýrir tilurð málsins:

Farið var yfir lög félagsins fyrir síðasta aðalfund með lögfræðingi sem mælti með að framkvæmd ákvörðunartöku sé færð til samræmis við lögin/félagarétt til einföldunar. Samkvæmt 47. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, skal varamanni aðeins gefinn kostur á þátttöku í stjórnarfundum meðan forföll stjórnarmanns varir. “47. gr. Fjölskipuð félagsstjórn er ákvörðunarþær þegar meiri hluti stjórnarmanna sækir fund svo framarlega sem ekki eru gerðar strangari kröfur í samþykktum félags. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið sé þess kostur. Ef stjórnarmaður forfallast vegna veikinda, fjarveru o.þ.h. og valinn hefur verið varamaður skal honum veittur kostur á þátttöku í stjórnarfundum meðan forföllin vara.”

Ekkert í lögum HRFÍ breytir þessari meginreglu félagaréttar. Þvert á móti styður 12. gr. laga félagsins ofangreinda meginreglu en þar segir að formaður stjórnar boði til stjórnarfunda, nema ef hann forfallast, þá varaformaður. Varaformaður getur þannig ekki boðað til stjórnarfundar nema formaður sé forfallaður. Varamaður hefur því ekki rétt til að sitja stjórnarfundi nema stjórnarmaður forfallist, nema hugsanlega ef ætlunin er að taka ákvörðun um málshöfðun félagsins á fundinum.

Það er rétt að lagagreinin er úr lögum um einkahlutafélög en þetta er meginregla sem gildir líka um almenn félög, þ.m.t. félagasamtök, nema lög félagsins kveði á um annað fyrirkomulag. Félagasamtök geta auðvitað haft þetta öðruvísi en það þarf þá að koma fram í lögum HRFÍ og ekkert í lögnum víkur frá þessari meginreglu. Þvert á móti eru lögin í samræmi við meginregluna t.d. varðandi boðun stjórnarfundar. Ráðlagt væri að hafa nánari ákvæði um hlutverk varamanns í starfsreglum stjórnar.

Ofangreind tillaga Ólafs og Deliu kynnt og verður sett á dagskrá næsta stjórnarfundar:

- Rætt um félagatal félagsins til félagsmanna vegna framboða í stjórn HRFÍ.
- Erindi frá félagsmanni sem vildi vekja athygli á að Reykjavíkurborg hefur nú birt á netinu útgefin hundaleyfi í Reykjavík.  
<http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4772>  
Búið að kortleggja í hvaða húsum í Reykjavík hundar eru! <http://gogn.in/>  
Viðkomandi félagsmaður hefur áhuga á að vita hug stjórnar varðandi málið og hvort stjórnarmenn ætli að beita sér eitthvað í málinu.

Samþykkt að setja ofangreint mál á dagskrá næsta stjórnarfundar. Getur HRFÍ beitt sér eitthvað í málinu?

- **Sumarlokun verður frá 18. júní – 16. júlí – auglýsa aftur**

Sumarlokun verður á skrifstofu HRFÍ frá og með mánudeginum 18. júní til mánudagsins 16. júlí. Þeir sem þurfa skrá got, umskrá erlenda hunda eða gera eigendaskipti eru beðnir um að skila þeim inn í síðasta lagi föstudaginn 8. júní til þess að hægt sé að vinna úr gögnunum fyrir sumarlokun.

**6. Næsti stjórnarfundur verður 25. júlí kl. 17:00.**

Neðangreint eru dagsetningar stjórnarfundar fyrir starfsárið 2012-2013 með fyrirvara um breytingar, sjá einnig á vefsíðu HRFÍ, fundirnir hefjast kl.17:00 :

13. júní	2012
25. júlí	2012
15. ágúst	2012
19. september	2012
17. október	2012
21. nóvember	2012
5. desember	2012
16. janúar	2013
13. febrúar	2013
20. mars	2013
17. apríl	2013
15. maí	2013

Fundi slitið.

*Sign:*

*Anna María Flygenring, Björn Ólafsson, Delia K. Howser, Jóna Th. Viðarsdóttir, Ólafur E. Jóhannsson.*